

Berre mor og Ellinor

Höfundur texta: Ingrid Z. Aa­ne­stad (Noregi)
Höfundur mynda: Sunniva Sunde Krogseth (Noregi)
Gyldendal, 2022

Var tilnefnd til Barna- og unglingsbókaverðlauna Norðurlandaráðs 2023.

Söguþráður: Ellinor á engin systkini. Mamma og Ellinor búa saman. Þær búa til sushi heima hjá sér, drekka kakó og teikna. Stundum skrifa þær lista með hlutum sem þær hafa gaman af. Suma daga er mamma leið. Ellinor segir skólasystrur sinni frá að mamma hennar sé stundum leið en er svo ekki viss um hvort það sé leyndarmál sem borgi sig ekki að segja frá.

Efnisorð: Fjölskylda, vinátta, tilfinningar, leyndarmál, heimili, nýnorsk.

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Hverju safna þær Ellinor og mamma hennar sem þær finna í náttúrunni og skreyta heimilið sitt með?

Hvað finnið þið í náttúrunni sem þið getið skreytt heimilið með?

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðið það sem er framan á bókinni. Um hvað haldið þið að bókín sé?

2. Hvað finnst Ellinor og mömmu hennar skemmtilegt að gera saman?

3. Ellinor finnst gaman að teikna. Hvað gerir mamma við myndirnar hennar Ellinor?

4. Sumar fjölskyldur eru litlar og aðrar fjölskyldur stórar. Hvað er fjölskylda? Þekkið þið alls konar fjölskyldur?

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Skoðið myndirnar af húsi Ellinor og mömmu hennar. Finnið dæmi um hluti sem þær safna. Safnið þið einhverju?



2. Ellinor og mamma hennar skrifa lista með hlutum sem þeim finnast skemmtilegir. Hvað myndi standa á lista yfir hluti sem ykkur finnast skemmtilegir? Gerið lista og teiknið mynd af einum hlutanna.

3. Mamma er stundum leið. Hverjum getur Ellinor sagt frá því? Hvað segir mamma við Ellinor? Hafið þið einhvern sem þið getið talað við um það sem er erfitt?

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Í bókinni um Ellinor og mömmu hennar er okkur sagt hvað þær gera saman. Skoðaðu myndirnar, hvernig sérðu hvernig þeim líður?

2. Ellinor talar við bekkjarsystur sína um mömmu sína. Hvað segir vinkona hennar? Hverju segir Ellinor frá?

3. Geta bæði börn og fullorðið fólk verið glöð suma daga og leið aðra daga? Hver heldurðu að sé ástæða þess? Á þetta við um allt fólk?

4. „Ellinor er ekki myrkfælin. Myrkrið er bara litur.“ Teiknaðu mynd eða búðu til klippimynd í björtum og dökkum litum út frá þessari tilvitnun úr bókinni.

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Strikurnar. Höfundur: Dánial Hoydal og Annika Øyrabø

Öll með tölu (Alle sammen teller). Höfundur Kristin Roskifte. Þýðandi: Sigrún Eldjárn

Jag och alla. Höfundar: Ylva Karlsson og Sara Lundberg

Mánugánda ja Heike / Månegutten og Heiki. Höfundur texta: Signe Iversen. Höfundur mynda: Sissel Horndal

MÁLAMOLI

"Listi"

sænska

Lista

danska

Liste

norska

Liste

íslenska

Listi

færeyska

Listi

grænlenka


Allattuiffik

finnska

Lista

norðursamíska

Listu



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)